



HRUNAMANNAHREPPUR

9. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

15. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2022, þann 3. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar greindi sveitarstjóri frá því að Hrunamannahreppur hefði lent í öðru sæti sem „Sveitarfélag ársins 2022“. „Sveitarfélag ársins 2022“ er samstarfsverkefni tíu stéttarféлага bæjarstarfsmanna innan BSRB. Veitt er viðurkenning fyrir bestu heildarniðurstöðu þátta sem stuðla að blómlegu og heilbrigðu starfsumhverfi starfsfólks sveitarféлага. Sveitarstjórn þakkar heiðurinn og óskar starfsmönnum og stjórnendum til hamingju með þessa viðurkenningu.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Skólanefnd: Fundargerð 3. fundar vegna leikskólans Undralands frá 19.10 sl.

Lögð fram fundargerð 3. fundar Skólanefndar vegna leikskólans Undralands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og athugasemdum um viðahald og framkvæmdir sem þar koma fram er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

2. UTU bs.: Fundargerð 95. fundar stjórnar frá 12. október 2022.

Lögð fram fundargerð 95. fundar stjórnar UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. NOS: Fundargerð stjórnar frá 20. október sl.

Lögð fram fundargerð stjórnar NOS.

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun stjórnar NOS varðandi slit byggðasamlagsins.

Erindi til sveitarstjórnar:

4. Kynning á samráði frá Innviðaráðuneytinu frá 23. október 2022.

Lögð fram frá Innviðaráðuneytinu kynning til samráðs mál nr. 202/2022- „Drög að frumvarpi til laga um breytingu á skipulagslögum“.

Lagt fram til kynningar.

5. Umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frá 28. október 2022.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um útlendinga (alþjóðleg vernd), 382. mál.

Lagt fram til kynningar.

6. **Umsagnarbeiðni frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis frá 25. október 2022.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um úttekt á tryggingavernd í kjölfar náttúruhamfara, 231. mál.

Lagt fram til kynningar.

7. **Bréf frá Ásmundi E. Daðasyni mennta- og barnamálaráðherra frá 20. október 2022.**

Lagt fram bréf frá mennta- og barnamálaráðherra varðandi undirbúning við gerð frumvarps til laga um skólaþjónustu. Markmið þessara nýju laga er að tryggja jafnræði í þjónustu við börn og ungmenni í leik-, grunn-, og framhaldsskólum og mæta ákalli um aukna ráðgjöf og stuðning við starfsfólk og stjórnendur á vettvangi skólans, efla þverfaglega samvinnu og samþættingu milli skóla- og þjónustustiga í þágu farsældar barna og tryggja öllum skólum faglegt bakland í sínum fjölbreyttu verkefnum. Með bréfi þessu er vakin athygli á þessari vinnu og öllum sem hafa áhuga á því að leggja henni lið boðið að taka þátt með því að senda inn ábendingar, koma upplýsingum á framfæri og skrá sig til þátttöku í samráðshópum sem munu taka til starfa á næstu vikum.

Erindinu vísað til skólanefndar og til stjórnenda leik- og grunnskóla.

8. **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 18. október 2022.**

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna úthlutunar úr Námsgagnasjóði 2022. Flúðaskóla var úthlutað 155.927 til kaupa á námsgögnum.

Lagt fram til kynningar.

9. **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 26. október 2022.**

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna þátttöku og framlaga sveitarfélaga til stafræns samstarfs sveitarfélaga fyrir árið 2023.

Sveitarstjórn hefur þegar samþykkt að taka þátt í hinu stafræna samstarfi sveitarfélaga og gildir sú samþykkt út árið 2023. Mun verða gert ráð fyrir kostnaði vegna þessa í fjárhagsáætlun ársins 2023.

10. **Bréf frá Sigurhæðum frá 15. október 2022.**

Lögð fram umsókn frá Sigurhæðum um rekstrarstyrk fyrir árið 2023. Sigurhæðir veitir þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi. Kostnaðaráætlun Sigurhæða 2023 nemur 47.883.000. Tekur hún mið af rauntölum ársins 2022 yfir aðsókn og nýtingu á úrræðinu. Tæplega 200 konur hafa sótt eða eru í þjónustu og eru viðtöl nálægt 600.

Sveitarstjórn samþykkir að styðja við hið mikilvæga starf Sigurhæða um umbeðinn styrk að upphæð kr. 274.000,-. Um leið þakka sveitarstjórnarmenn góðar móttökur í kynningarheimsókn sem farin var fyrir í mánuðnum.

11. **Þjónustusamningur við Snerru um rekstur ljósleiðarakerfis.**

Lagður fram þjónustusamningur við Snerru ehf. um rekstur á ljósleiðarakerfi Hrunaljóss ásamt fylgigögnum.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn og vísar honum til kynningar í Veitustjórn.

12. **Tillaga um úttekt á Eignasjóði, veitum og þjónustustöð.**

Lögð fram verkefnatillaga frá endurskoðendum sveitarfélagsins KPMG um úttekt á eignasjóði, veitum og þjónustustöð Hrunamannahrepps og drög að samningi milli KPMG og Hrunamannahrepps um ráðgjöf.

Sveitarstjórn samþykkir tilboð KPMG og felur sveitarstjóra að vera tengiliður við úttektaraðila. Kostnaður mun að stóru leyti falla til á árinu 2023 og því er honum vísað til gerðar fjárhagsáætlunar. Samningurinn verður sendur til kynningar í Veitustjórn.

13. Bréf frá Möggu S. Brynjólfsdóttur frá 31. október 2022.

Lagt fram bréf frá Möggu S. Brynjólfsdóttur þar sem hún óskar eftir niðurfellingu á húsaleigu í félagsheimilinu vegna tónleika sem haldnir verða til styrktar Einstökum börnum. Á tónleikunum verður eingöngu tónlist eftir Möggu og Stefán Þorleifsson og allir sem fram koma munu gefa vinnu sína. Allur ágóði af tónleikunum renna til félagsins Einstök börn.

Sveitarstjórn fagnar framtaki Möggu og samþykkir að styrkja þetta góða málefni og gefa afnot af félagsheimilinu þetta kvöld.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að leggja fram drög að endurskoðuðum reglum um leigu félagsheimilisins.

14. Beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti: Ásastígur 12 a.

Lögð fram beiðni frá Árborgir fasteignasölu þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásastíg 12a, skv. lóðarleigusamningi vegna eignarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásastígur 12a, Flúðum, fastanúmer 230-9332 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina.

15. Tilboð frá Stefnu ehf. í gerð nýrrar heimasíðu.

Lagt fram tilboð frá Stefnu ehf í gerð nýrrar heimasíðu fyrir sveitarfélagið.

Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði Stefnu ehf í gerð nýrrar heimasíðu fyrir sveitarfélagið. Kostnaður sem fellur til árið 2022 rúmast innan fjárhagsáætlunar en kostnaði vegna ársins 2023 er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar. Sveitarstjórn samþykkir einnig að fela sveitarstjóra að ræða við skólastjórnendur varðandi nýjar heimasíður fyrir skólana.

16. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn fimmtudaginn 17. nóvember n.k. kl. 14:00.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Svæðisskipulag Suðurlandshálendis: Fundargerð 20. fundar frá 27. september sl.

Lagt fram til kynningar.

Mál til kynningar:

b. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 914. fundar stjórnar frá 12. október sl.

Lagt fram til kynningar.

c. Brunavarnir Árnassýslu: Fjárhagsáætlun 2023.

Lagt fram til kynningar um leið og sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að semja erindi þar sem þess er óskað að uppbygging björgunarmiðstöðvar á Flúðum verði sett á fjárfestingaáætlun eins og áður var.

d. Aðalfundarboð Landssamtaka landeigenda á Íslandi 4. nóvember n.k.

Lagt fram til kynningar.

e. Lykiltölur Þjóðskrár fyrir Hrunamannahrepp.

- f. Í skýrslu nóvembermánaðar sem hér er lögð fram til kynningar kemur fram að íbúum hefur fjölgað í Hrunamannahreppi um 45 frá 1. desember 2021 og eru þeir nú 873 talsins. Erlendir ríkisborgarar eru 28,4 % af heildaríbúatölu hreppsins. Í Hrunamannahreppi eru nú 276 íbúðir í sérbylí, 39 íbúðir í fjölbýlishúsum og 384 sumarhús. Meðalaldur kaupenda húsnæðis í Hrunamannahrepp er 41,0 ár.